



Banaslys 16. september 2008

Siglufjarðarvegur við Sandvík

Útafakstur

Látinn 39 ára karlmaður

Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók norður Siglufjarðarveg að morgni til. Í Sandvík missti ökumaðurinn bifreiðina út í vegkant hægra megin. Vegurinn liggur meðfram sjónum á þessum kafla. Hann náði að halda bifreiðinni í vegkantinum eina 100 metra. Fyrir eftir bifreiðina sýndu að hjólin vinstra megin voru á vegöxlinni allan tímann en hægri hjól mörkuðu för í vegfláann. Þar sem fláinn fram af veginum er krappur og brattur mátti einnig sjá för á löngum kafla sem trúlega eru eftir hljóðkút bifreiðarinnar. Ökumaðurinn náði að koma henni upp á veginn aftur en við það snerist bifreiðin og fór að renna á hlið. Því næst hentist hún fram af veginum, sjávar megin, og þegar hún lenti utan vegar valt hún. Þar eftir valt hún fram af 11 metra háum kletti ofan í grýtt fjöruborðið. Bifreiðin stöðvaðist loks á hjólunum þannig að sjór náði upp að gluggum. Ökumaður bifreiðarinnar var einn á ferð og lést hann samstundis af áverkum sínum. Engin vitni voru að slysinu.



Mynd tekin af slysavettvangi í akstursátt bifreiðarinnar (Norður).

Við rannsókn málsins kom í ljós að ökumaðurinn hafði verið við akstur alla nóttina. Kvöldið áður hafði hann lagt af stað frá sveitabæ skammt frá Ólafsfirði, ásamt öðrum manni, og var ferðinni heitið til Reykjavíkur. Þar varð farþeginn eftir. Farþeginn hefur greint frá því að aksturinn suður hafi verið samfelldur að undanskilinni hálf tíma hvíld á leiðinni. Var ökumaðurinn á leið norður aftur þegar slysið átti sér stað og hafði hann því alls ekið tæpa 800 km um nóttina. Af þeim tímasetningum sem vitað er um bendir allt til þess að ökumaðurinn hafi haldið strax aftur norður og ekið án hvíldar þar til slysið varð.

Veður:

Skýjað

Engin ofankoma

Vindhraði um 10m/s

Vegur:

Þurrt yfirborð

Bundið slitlag

Hámarkshraði 90

km/klst.

Meðaltals umferð á

sólahring er 345

ökutæki.

Tími sólarhrings:

Morgunn

Ökutæki:

Suzuki fólksbifreið,

ökumaður einn í

bifreiðinni og með

öryggisbeltið spennt.

Loftpúði í stýri

sprakk út.

Bifreiðin var skoðuð af til þess bærnum sérfræðingi. Ekkert kom fram í skoðuninni sem talið er geta haft áhrif á orsök þessa slyss.



Mynd tekin frá þeim stað sem bifreiðin fór fram af klettinum. Á þeim tíma sem myndin er tekin var fjara en slysið átti sér stað á flóði.

Þar sem slysið varð er vegurinn upphækkaður og er 7 metra hár flái fram af veginum hægra megin en stutt er í klettabelti vinstra megin og fjöru þar fyrir neðan (sjá mynd). Vegstikur eru í köntum vegarins en engin vegrið.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumannsins voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður missti bifreiðina út í vegkant, sennilega vegna þreytu
- Ökumaður hafði ekið mjög langa leið og var illa sofinn og þreyttur
- Ökumaður brást rangt við er hann reyndi að ná stjórn á bifreiðinni og sveigði hana inn á veginn með þeim afleiðingum að hann ók út af sjávar megin vegarins

Tillögur í öryggisátt

Þar sem slysið varð liggur vegurinn nærri klettabelti sem endar í fjöruborði Sandvíkur. Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til Vegagerðarinnar að skoða með hvaða hætti sé hægt að tryggja að vegfarendur geti ekki lent í því að fara fram af klettabeltinu og ofan í sjóinn.

Ábending

Rannsóknir Rannsóknarnefndar umferðarslysa hafa sýnt að svefn og þreyta er fjórða helsta orsök banaslysa í umferðinni. Því er afar brýnt að ökumenn forðist að aka þreyttir. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að þreyta skerðir aksturshæfni sem og að hætta er á að þreyttur ökumaður dotti eða jafnvel sofni undir stýri. Rannsóknarnefnd umferðarslysa brýnir fyrir ökumönnum að gæta vel að þessari hættu. Eins ættu allir að vera á verði og gera athugasemdir við ferðaáætlanir vana og ættingja ef sýnt er að þær geri ekki ráð fyrir nægjanlegri hvíld ökumanns.

Þegar ökumaður hefur misst annað hjólið út af slitlagi er honum mikill vandi á höndum. Hætta er á að ökumaður missi endanlega stjórn á bifreiðinni þegar sveigt er inn á veginn aftur eins og raunin var í þessu slysi. Í slíkum tilfellum þarf ökumaður að meta hvort honum sé ekki betur borgið að stýra bifreiðinni beint út af vegi frekar en að sveigja inn á hann aftur.

3.3.2009

Rannsóknarnefnd umferðarslysa